

Fundur foreldraráðs Jötunheima þriðjudaginn 14. Júní kl. 21:00.

Mætta eru: Júlíana leikskólastjóri, Guðný Ingibjörg aðstoðarleikskólastjóri, Hugrún og Sif.

Guðrún Hrafnhildur boðaði forföll.

1. Farið yfir læsisstefnu Árborgar. Hver og einn skóli hefur verið að vinna í stefnu síns skóla og hefur sú vinna gengið vel. Að lokum voru svo dregin saman atriði frá hverjum skóla til þess að mynda stefnu Sveitarfélagsins. Þar má sjá að raddir allra skólanna fá að njóta sín og er starfið á bakvið stefnumótunina metnaðarfullt og faglegt.
2. Kynntar voru niðurstöður *Leið til læsis* frá þeim börnum sem koma frá Jötunheimum og eru nú í 1.bekk í Sunnulækjarskóla. Niðurstöður voru afar áhugaverðar og hægt er að nýta þær til hliðsjónar í þróunarvinnu máls og læsis.
3. Skóladagatalið kynnt og farið yfir smávægilegar breytingar.
4. Júlí og Guðný kynntu okkur frá afrakstri starfsdagsins í síðast liðinni viku. Unnið verður markvisst með heilbrigði og vellíðan úr aðalnámskrá leikskólanna næsta vetur. Verður sú vinna með sama sniði og á síðasta ári enda lukkaðist sú vinna vel. Það er að byggjast upp meiri fagmennska í hópnum og fagleg umræða starfsmanna í hóp og starfi er til fyrirmyndar.
5. Kynnt var frá ráðningu sérkennslustjóra í Jötunheimum. Rannveig Bjarnfinnsdóttir var ráðin í starfið frá og með 15. ágúst 2016. Alls voru 6 umsækjendur.
6. Örlítil hreyfing verður á starfsmannamálum og tilfærsla á starfsmönnum milli deilda.
7. Starfsmenn foreldraráðs gefa allar kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu á næsta skólaári.

Ekki var fleira rætt að sinni og var fundi slitið kl.22:00

Fyrir hönd foreldraráðs

Hugrún Vignisdóttir, ritari.